

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hverfisgata 78.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. apríl 2014 breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.0 vegna lóðarinnar nr. 78 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að heimilt verði að rífa bakhús og í stað þess verði gert ráð fyrir fjögurra hæða húsi á baklóð ásamt leyfi til að hafa hótél eða gistiheimili á lóðinni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Aðalstræti 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. júlí 2014 breytingu á deiliskipulagi Grjótaborps vegna lóðarinnar nr. 6 við Aðalstræti. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit og þakhæð hússins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Óðinsgata 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 13. júlí 2014 breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.0 vegna lóðarinnar nr. 1 við Óðinsgötu. Í breytingunni felst að heimilt verði að portbyggja húsið að Óðinsgötu 1, hækka þak og byggja á húsið svalir og kvisti.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 21. ágúst 2014.

Björn Axelsson.